

# Baráttuskrá kommúnistaflokks Íslands

## Inngangsorð.

Kommúnistaflokkur Íslands er deild úr Alþjóðasambandi kommúnista og fylgir lögum þess og stefnuskrá.

Kommúnistaflokkurinn er flokkur verkalýðs og fátækra bænda.

Markmið kommúnistaflokksins er að koma auðvaldskipulaginu á kné og sameignarskipulaginu í framkvæmd. Með sameignarskipulaginu hverfur öll kúgun manna á meðal og öll stéttabarátta, því stéttir verða ekki lengur til. Sameignarskipulagið er samfélag vinnandi manna með sameiginlegum hagsmunum. Framleitt verður eingöngu í þeim tilgangi að fullnægja þörfum hinna vinnandi manna, og hver hlýtur það starf, sem hann er hæfur til.

Verkalýðurinn verður sjálfur að leysa af sér hlekkina. Fyrsta skilyrðið til að ná hinu mikla marki hins vinnandi lýðs, er því að brjóta ríkisvald borgaranna á bak aftur og skapa sér sjálfur ríkisvald, alræði öreiganna. Rússneska byltingin er þar til fyrirmyndar. Auðvaldsríkið verður aðeins sigrað með mætti samtaka, sem

eru nógu öflug og nógu vel vopnum búin til að geta ráðið niðurlögum þess.

Alræði öreiganna er aðeins áfangi á leiðinni að marki sameignarskipulagsins. Fyrsta verk hins sigrandi verkalýðs verður að þjóðnýta stórútgerðina og allan atvinnurekstur í stórum stíl, svo og alla banka. Leiguliðum verða gefnar til ótakmarkaðra afnota, jarðir þær, er þeir búa á og allt jarðarbrask þar með útilokað, þar sem ríkið eitt hefir ótakmarkaðan rétt til að ráðstafa löndum öllum og lóðum. Skatta- og skuldabyrðinni verður létt af alþýðu manna. Verzlun innan lands í smáum stíl, svo og allur smáatvinnurekstur til sjávar og sveita, heldur áfram í höndum einstakra manna, en verkamannaríkið eflir og styrkir samvinnufélög hins vinnandi lýðs, til þess að sameina avinnurekstur þennan og verzlun undir yfirráð vinnandi stéttanna til sjávar og sveita og kemur þannig smám saman öllum greinum atvinnulífsins í kommúnistiskt horf.

Til þess að koma byltingu verkalýðsins í framkvæmd, festa hana í sessi og leiða hana að markinu, verður verkalýðurinn að eiga pólitískan flokk, sem veit hvað hann vill, er einhuga og hæfur til að hafa forustuna á hendi. Fullnaðarsigur er óhugsandi, nema slíkur flokkur sé til og allur þorri verkalýðsins hafi þann skilning á hlutverki stéttar sinnar, að hann fylgi þessum flokki.

Kommúnistaflokkur Íslands hvetur alla vinn-

andi alþýðu til sjávar og sveita til að sameinast undir merki flokksins um eftirfarandi baráttustefnuskrá:

### I. Baráttan gegn fjármála- og ríkisauðvaldinu.

1. Kommúnistaflokkurinn berst á móti tilraunum auðvaldsins til að skipuleggja sig og festa sig í sessi á kostnað hinna vinnandi stétta til sjávar og sveita. Hann er andvígur því, að fulltrúar verkalýðsins taki þátt í stjórn auðvaldsfyrirtækja, hvort sem þau eru rekin af ríkinu eða einstökum auðmönnum. Kommúnistaflokkurinn er flokkur stéttabaráttunnar og er því andvígur allri samvinnu við stéttaandstæðinginn. Hann flettir ofan af blekkingum borgaranna og sósíaldemókrata, sem reyna að telja verkalýðnum trú um, að ríkiseinkasölur og ríkisrekin fyrirtæki séu rekin „til hagsmuna fyrir alla þjóðina“ meðan auðvaldið drottnar. Kommúnistaflokkurinn lýsir því yfir, að ríkisrekstur og ríkiseinkasölur geta þá fyrst orðið til hagsmuna fyrir verkalýðinn og fátæka bændur, er þeir hafa tekið ríkisvaldið í sínar hendur, og stofnað alræði öreiganna.

2. Flokkurinn berst á móti öllum fjárframlögum til andlegra og efnalegra kúgunartækja yfirstéttarinnar, svo sem lögreglu og kirkju, auðvaldsfyrirtækja og banka o. s. frv. Hann berst fyrir því, að féð sé notað til menningarlegra og félagslegra þarfa, svo sem til skóla, atvinnuleysisstrygginga og annara trygginga til

ræktunar handa fátækum bændum, til þess að byggja verkamannabústaði o. s. frv.

3. Flokkurinn berst gegn öllum skattaálögum á alþýðu manna, gegn öllum tollum og óbeinum sköttum, fyrir því að allar skattabyrðarnar séu lagðar á auðmennina.

## II. Lýðræðiskröfur.

1. Flokkurinn krefst þess, að kjördæmaskipuninni verði breytt þannig, að fulltrúatala verkalýðsins á þingi sé í samræmi við atkvæðamagn hans. Allar kosningar séu hlutfallskosningar. Efri deild Alþingis sé afnumin. Allir ríkisborgarar, sem komnir eru yfir 18 ára aldur, hafi kosningarrétt og kjörgengi og jafnt fyrir það þó þeir hafi þegið styrk af hinu opinbera.

## III. Bæjarmál.

1. Til þess að veruleg umskipti verði á högum verkalýðsins, er ekki nægilegt að kommúnistar komist í meiri hluta í bæjarstjórn. Til þess þarf að kollvarpa auðvaldsskipulaginu og skipuleggja verklyðsvald með ráðstjórnarfyrirkomulagi. Það sem áunnist hefir er betri afstaða í baráttunni við auðvaldið. Þessa afstöðu þarf að nota svo vel, sem unt er og ganga hlífðarlaust á lagið.

Þar sem kommúnistar eru í meiri hluta í bæjarstjórn, þurfa þeir fyrst og fremst að gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) koma á 7 stunda vinnudegi við alla þá vinnu, sem bæjarfélagið hefir yfir að ráða, án þess að dagkaup skerðist, 6 stunda vinnudegi fyrir unglunga á aldrinum 16—18 ára og 4 tíma vinnudegi fyrir unglunga frá 14—16 ára.

b) styrkja verklyðsfélagin í launabaráttunni með því að styrkja verkfallssjóði þeirra, alþjóðasamhjálp verkalýðsins og annan slíkan félagsskap á kostnað bæjarfélagsins o. s. frv.

c) bæta úr atvinnuleysinu með ýmsum framkvæmdum í þágu verkalýðsins svo sem byggingu verkamannabústaða, skóla, sjúkrahúsa o. s. frv.

d) veita atvinnuleysisstyrk, er samsvari fullum daglaunum.

e) styrkja ekkjur, munaðarleysingja og óvinnufæra menn án þess að það sé talinn fátækrastryrkur.

f) styrkja verkamannaskóla, námskeið og aðrar menningarstofnanir verkalýðsins.

g) koma upp kvikmyndahúsum, þar sem sýndar eru fyrst og fremst fræðandi myndir fyrir verkaýðinn.

h) losa verkamenn við að greiða útsvar og önnur gjöld til bæjarfélagsins. Fátækum mönnum skal veitt rafmagn og aðrar lífsnauðsynjar sem bæjarfélagið lætur í té án endurgjalds.

i) gera ráðstafanir til að útvega alþýðu manna mjólk og aðrar nauðsynjar við vægu verði.

j) styrkja upplýsingaskrifstofur verkalýðs-

félaga, sjómannastofur og aðrar samkomustofur verkalýðsins.

k) afnema allan styrk til allra borgaralegra stofnana, sem eru í andstöðu við verkalýðinn og öll fríðindi, sem þær hafa notið af hálfu bæjarfélagsins.

l) styrkja verkalýðinn til að koma upp sjálfstæðu verndarliði og íþróttafélögum.

Þegar þessar eða aðrar ráðstafanir valda árekstri við ríkisvaldið og hin borgaralegu lög, mega kommúnistar aldrei hörfa til baka í baráttunni, af ótta við slíka árekstra við ríkisvaldið og lögin. Í slíkum tilfellum verða bæjarfulltrúar kommúnista að safna allri alþýðu til baráttu gegn stéttavaldinu og stéttalögnum.

#### IV. Tryggingamál.

1. Kommúnistar berjast fyrir atvinnuleysis-, sjúkra-, örorku-, slysa- og ellitryggingum, svo fullkomnum, að þeim, sem njóta styrks þeirra, verði tryggð full daglaun.

2. Kommúnistar krefjast þess af yfirráðastéttinni, sem á sök á öllu því böli, sem gera tryggingarnar nauðsynlegar, að hún ein beri allar byrðarnar af tryggingunum. Þeir berjast af alefli gegn öllum tilraunum til að velta byrðunum af tryggingunum yfir á herðar alþýðu.

3. Kommúnistar láta ekki sitja við kröfur til löggjafarvaldsins í þessum málum. Allsstaðar beita þeir sér fyrir því, að verkalýðurinn noti mátt samtakanna til að knýja atvinnurek-

endur til að tryggja verkamenn sína gegn atvinnuleysi, slysum og sjúkdómum.

#### V. Verklýðsmál.

1. Kommúnistar berjast fyrir því, að stofn að verði verklýðssamband með öllum verklýðsfélögum á landinu, er starfi á grundvelli stéttabaráttunnar.

2. Kommúnistar berjast fyrir því, að íslensk verkalýðshreyfing slíti allri samvinnu við Amsterdamsambandið og leiti samvinnu við Rauða verkamanna-alþjóðasambandið.

3. Allt þangað til verklýðssambandið er orðið að veruleika, vinna kommúnistar að því, að koma á samtökum með róttækum verkalýðsfélögum og minnihlutahópum í sósíaldemókratískum verklýðsfélögum, til að hrinda verklýðssambandinu í framkvæmd og vinna að skipulagningu verklýðshreyfingarinnar á grundvelli stéttabaráttunnar.

4. Kommúnistar berjast fyrir 7 stunda vinnudegi með fullu dagkaupi við alla almenna vinnu og 6 stunda vinnudegi við alla mjög erfiða og heilsuspillandi vinnu og fyrir unglinga 16—18 ára. 4 stunda vinnudegi fyrir unglinga á aldrinum 14—16 ára.

5. Næsta takmark er 8 stunda vinnudagur við alla landvinnu og 12 stunda hvíldartími á togurunum, línuveiðurum og línubátum, sem liggja úti. Tveggja vikna sumarleyfi með fullu

kaupi á hverju ári og algert hafnarfrí á öllum fiskiskipum.

6. Kommúnistar berjast undir öllum kringumstæðum móti öllum launalækkunum og fyrir launahækkun. Þeir berjast gegn allri samningsvinnu og hlutafyrirkomulaginu við fiskveiðar, sem er ekkert annað, en ráð atvinnurekenda til að fá verkamennina til að láta sem mest vinnuafli í té fyrir sem lægst verð.

7. Kommúnistar berjast fyrir sömu launum við sömu vinnu, hvort sem hún er unnin af körlum eða konum, fullorðnum eða unglíngum.

8. Kommúnistar berjast gegn barnavinnu og fyrir vernd vinnandi kvenna og unglínga.

9. Kommúnistar berjast fyrir því, að verklyðsfélögin beiti samtökum sínum til þess að koma upp tryggingum gegn atvinnuleysi, slysum, örorku og elli, á kostnað atvinnurekenda. Að atvinnuleysisstyrkur svari meðal daglaunum.

10. Kommúnistar safna öllum verkalyð til baráttu gegn hinum dreppungu, óbeinu sköttum, tollum og öðrum gjöldum, sem draga svo gífurlega úr hinum raunverulegu launum verkamanna.

11. Kommúnistar berjast gegn allri samvinnu verkamanna við atvinnurekendur, gegn því, að verklyðsfélög eða sambönd taki þátt í því að auka framleiðslumagn vinnunnar.

12. Kommúnistar berjast gegn öllum afskiftum ríkisvaldsins af launabaráttu verka-

lyðsins, gegn opinberum sáttasemjum og gerðardómum í hvaða mynd sem er.

13. Kommúnistar berjast gegn ríkislögreglu og hverskonar tilraunum ríkisvaldsins til að brjóta baráttu verkalyðsins á bak aftur. Þeir vinna að því að verkamenn komi sér upp sjálfstæðu varnariði gegn verkfallsbrjótum.

14. Kommúnistar vinna að því að sameina félög verkamanna og verkakvenna, sem vinna í sömu atvinnugrein. Sömuleiðis að því að breyta félögum iðnlærðra verkamanna í raunveruleg verklyðsfélög, með því að opna þau fyrir öllum verkamönnum, sem vinna í iðninni, ólærðum jafnt sem lærðum, iðnnemum jafnt sem fullnuma verkamönnum.

15. Kommúnistar berjast fyrir því að stjórnir verkalyðsfélaganna og verkalyðssambandanna séu skipaðar verkamönnum, og að allir auðmenn, atvinnurekendur og umboðsmenn þeirra séu útilokaðir frá verkalyðsfélagunum.

16. Eina ráðið til þess að losna við stefnu sósíaldemókratanna úr verklyðshreyfingunni, stefnu undanhaldsins og ósigranna, er að verkamenn myndi sjálfir verkfallsnefndir, sem skipaðar séu fulltrúum frá vinnustöðum þeim og verklyðsfélögum, sem taka þátt í baráttunni. Í nefndum þessum skulu einnig eiga sæti fulltrúar ófélagsbundinna verkamanna og skulu verkfallsnefndirnar hafa stjórn verkfallsins á hendi. Leggja verður áherzlu á að koma jafnan hinum ófélagsbundnu verkamönnum inn í baráttuna,

til þess að sameina öll stéttaröfl verkalýðsins gegn stéttaróvinunum.

17. Kommúnistar verða að vinna ötullega að því, að safna verkamönnum inn í verkalýðsfélögin og stofna ný, þar sem engin eru fyrir. Sérstaklega skal leggja áherzlu á að skipuleggja baráttu vegavinnumanna og annara verkamanna ríkissjóðs.

18. Í öllum verkalýðsfélögum verða kommúnistar að mynda með sér rammbyggð lið með hörðum aga. Það er skilyrði þess, að þeir geti leyst af hendi hlutverk flokksins og framkvæmt ákvarðanir hans í verkalýðshreyfingunni.

## VI. Barátta fyrir hagsmunum fátækra bænda og fiskimanna.

1. Kommúnistar verða að sýna bændum fram á, að hin dýru lán bankanna gera þá að æfilöngum þrælum bankavaldsins, þó að erindrekar auðvaldsins reyni að telja bændum trú um, að þeir njóti kostakjara. Það er vitanlegt, að renturnar eru byrði, sem bændur rísa ekki undir, vegna hins litla afraksturs einyrkjubúskaparins. Kommúnistar gera allt sem í þeirra valdi stendur til að safna smábændum og leiguliðum gegn verzlunarauðmagninu og bankaauðmagninu.

2. Kommúnistar krefjast þess að skuldbyrðunum verði létt af fátækum bændum, og að þeim verði veitt rentulaus rekstrarlán.

3. Kommúnistar verða að skipuleggja bændur til samtaka, til að hindra það, að jarðir og eignir smábænda verði seldar á nauðungaruppboði.

4. Kommúnistar krefjast þess að hver, sem óskar, hafi aðgang til nýræktunar, og að þeim sem vinna að nýræktun sé tryggð full laun fyrir vinnu sína af ríkinu.

5. Kommúnistar krefjast þess, að leiga á jörðum fátækra leiguliða sé takmörkuð með lögum, og að ríkið taki enga leigu af jörðum sínum ef að fátækir bændur búa á þeim.

6. Kommúnistar krefjast þess, að kennsla og upphald á landbúnaðarskólum sé ókeypis.

7. Kommúnistar krefjast þess, að komið sé upp tilrauna- og kynbótastofnunum til þess að útvega bændum betri búpeningskyn, betri tegundir af nytjajurtum, betri tegundir áburðar, og betri aðferðir heynýtingar.

8. Kommúnistar krefjast þess að ríkið bæti stórkostlega samgöngutækin milli sveita og kaupstaða. Að fátækum bændum sé hjálpað til þess að koma upp rafstöðvum. Bændum og fiskimönnum sé séð fyrir frystihúsum á hentugum stöðum.

9. Allt verður að gera til þess að losa smábændur undan áhrifum stórbænda og auðmanna. Innan búnaðarfélagsins verður að sameina smábændur gegn hinni afturhaldssömu stjórn þess, til baráttu fyrir hagsmunum sínum.

10. Kommúnistaflokkurinn veitir fátækum útvegsbændum og fiskimönnum alla aðstoð í baráttu þeirra gegn auðvaldinu, og krefst fyrir þeirra hönd:

a) að nauðsynjavörur smáútvegsins séu tollfrjálsar,

b) að lóðir séu teknar eignarnámi til afnota fyrir fátæka fiskimenn og samvinnufélög þeirra,

c) að reistir séu vitar og sjómerki og að björgunartækjum sé komið í betra horf á kostnað ríkisins.

d) styrkur og rentulaus rekstrarlán handa fátækum fiskimönnum og samvinnufélögum þeirra um fiskiverkun, afurðasölu og innkaup.

11. Kommúnistaflokkurinn vinnur ötullega að því að upplýsa fátæka fiskimenn og bændur um stéttaafstöðu þeirra, að framleiðsla þeirra er dauðadæmd undir áframhaldandi auðvaldsskipulagi og einungis með því að taka ríkisvaldið og framleiðslutækin í sínar hendur í bandalagi við verkamenn, geta þeir komið framleiðslu sinni í það horf, sem nútíðin krefst, með því að koma upp samvinnubúskap, er starfar með fullkomnum nútímatækjum. Allt skal gert til þess að fræða bændur um samvinnubúskapinn í Ráðstjórnarlýðveldunum og að fá félagsskap þeirra til að leita samvinnu við hið alþjóðlega byltingasinnaða bændaráð.

## VII. Samvinnumál.

1. Kommúnistar vinna að því að hjálpa verkamönnum, fiskimönnum og fátækum bændum, til að mynda með sér samvinnufélög, til innkaupa á nauðsynjavörum, til fiskverkunar, til afurðasölu og til innkaupa á verkfærum (landbúnaðarverkfærum og fiskveiðatækjum, olíu, veiðarfærum o. s. frv.).

2. Innan þeirra samvinnufélaga, sem til eru, bændasamvinnufélaga og verkamannasamvinnufélaga, verða kommúnistar að starfa öfluglega í skipulagsbundnum liðum. Innan samvinnufélaganna verður að leggja alla stund á að afhjúpa auðvaldspólitík Sambands Íslenzkra samvinnufélaga og stórbændanna, sem forystuna hafa og safna bændum til baráttu gegn stórbændum og sýna smábændum fram á að hagsmunir þeirra og verkamanna í kaupstöðunum fari í öllum aðalatriðum saman.

3. Kommúnistar berjast fyrir því að breyta samvinnufélögum verkamanna, kaupfélögum, fiskverkunarfélögum og útgerðarfélögum í raunveruleg stéttarfélög, sem er stjórnað og skipulögð með það fyrir augum að styrkja verkamenn í stéttabaráttunni og veita fjárhagslegan styrk í verkföllum o. s. frv.

## VIII. Baráttan fyrir hagsmunum verkakvenna.

1. Kommúnistar verða að gera allt sem í þeirra valdi stendur, til að fá verkakonur inn í verklýðsfélagin og vinna að sameiningu allra

vinnandi manna og kvenna, sem vinna í sömu atvinnugrein, í sameiginleg samtök.

2. Kommúnistar verða að leggja áherzlu á að fá verkakonur með í flokksstarfið og stétta-baráttuna, og vinna að því, að þær eigi sæti í stjórnnum fagfélaga, verkfallsnefndum o. s. frv.

3. Kommúnistaflokkurinn telur sér skylt að standa í broddi fylkingar í baráttu verkakvenna um allt land, fyrir hærri launum, undir kjör-orðinu: sömu laun fyrir sömu vinnu.

4. Kommúnistaflokkurinn mun leggja alla stund á að safna verkakönnum til baráttu fyrir hinum sérstöku hagsmunamálum sínum, svo sem mæðrastyrk, mæðravernd og barnavernd. Að dagheimili séu reist á kostnað atvinnurekenda fyrir börn verkakvenna, er stjórnað sé af hæfum könum, sem mæðurnar velja sjálfar. Að vanfærar verkakonur fái frí með fullum launum 2 mánuði fyrir og 2 mánuði eftir barnsburð.

5. Kommúnistar krefjast þess, að kvennavinna sé bönnuð í þeim iðnaðargreinum, sem eru hættulegar heilsu konunnar eða of erfiðar fyrir konur.

6. Kommúnistaflokkurinn telur sér skylt að safna öllum alþýðukönnum, bæði þeim, sem vinna á vinnustöðvum og húsmæðrunum, gegn húsaleiguokrinu og drápsklyfjum tolla og skatta.

## IX. Baráttan fyrir hagsmunum verklyðsæskunnar.

1. Kommúnistaflokkurinn veitir S. U. K. allan styrk í baráttu þess fyrir hagsmunum verklyðsæskunnar, svo sem

a) fyrir hærri launum unglinga og styttingu vinnutímans niður í 6 stundir fyrir unglinga innan 18 ára, og 4 stunda vinnu fyrir unglinga innan 16 ára, fyrir banni við vinnu barna yngri en 14 ára.

b) fyrir því að skólatími iðnnema sé reiknaður með vinnutímanum, fyrir því, að iðnin sé raunverulega kennd nemunum en þeir ekki notaðir sem ódýrt vinnuafl, fyrir hækkuðu kaupí þeirra. Stytting námstímans. Jöfn námsréttindi fyrir konur sem karla.

c) gegn vinnuþjökun unglinga. (T. d. sendisveina og ungra sjómanna).

d) gegn skólagjöldum.

e) gegn hinnu stöðugt vaxandi skoðanakúgun í skólunum.

f) fyrir almennum kosningarétti allra þeirra sem eru fullra 18 ára gamlir.

## X. Baráttan gegn erlenda auðvaldinu og sambandið við erlenda verklyðshreyfingu.

1. Kommúnistaflokkurinn krefst algerðs skilnaðar við Danmörku. Jafnframt afhjúpar flokkurinn sjálfstæðisglamur borgaraflokkanna, er þeir nota til þess að hylja með þjónustu sína við erlent auðvald.



2. Kommúnistaflokkurinn safnar allri alþýðu til sjávar og sveita til baráttu gegn hinu alþjóðlega auðvaldi og yfirdrottnunarstefnu og öllum innlendum umboðsmönnum og skósveinum hins erlenda kúgunarvalds. Flokkurinn berst gegn því, að landið sé selt í hendur stórveldanna, með því að láta það ganga í Þjóðabandalagið. Flokkurinn leggur alla stund á að sýna hinni vinnandi alþýðu til sjávar og sveita fram á, að Ísland verður aldrei raunverulega sjálfstætt, fyr en verkamenn og bændur hafa tekið ríkisvaldið í sínar hendur og gengið í bandalag við ráðstjórnarlýðveldi annara landa.

3. Kommúnistaflokkur Íslands er deild úr Alþjóðasambandi kommúnista og fylgir stefnuskrá þess og öllum samþykktum. Hann leggur alla stund á að efla samband íslenzks verkalýðs við byltingasinnaða verkalýðshreyfingu annara landa. Flokkurinn mun nota alla möguleika til þess að fræða íslenzka alþýðu um uppbyggingu jafnaðarstefnunnar í Ráðstjórnarríkjunum, og beitir sér fyrir því að íslenzk alþýða taki þátt í varnarbaráttu verkalýðsins um allan heim gegn óvinum Ráðstjórnarríkjanna.